Tillaga að ályktun um gjöld á hringsiglingaskip

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið á Patreksfirði 27.–28. október 2026, hvetur stjórnvöld til endurskoða skattlagningu af skemmtiferðaskipum er varðar regluverk um hringferða- og leiðangursskip.

Fordæmið frá innviðagjaldinu sýnir skýrt að hærri skattur letur og lægri skattur hvetur. Þegar gjaldið var sett á í upphafi árs 2025 dró hratt úr bókunum skemmtiferðaskipa og afbókanir fylgdu í kjölfarið. Alþingi brást loks við með því að lækka gjaldið og viðurkenndi þar með að gjaldtakan hafði gengið of langt. Síðan hafa bókanir stærri skipa tekið við sér en hrun hefur orðið í komum og pöntunum minni skipa og leiðangursskipa. Mikilvægt er að draga lærdóm af þessari reynslu við alla frekari stefnumótun um gjaldtöku í ferðaþjónustu.

Komur hringsiglinga- og leiðangursskipa eru mikilvægar og hafa fram til ársins 2026 verið vaxandi atvinnugrein fyrir minni hafnir og sveitarfélög á Vestfjörðum. Skipakomur skila hafnarsjóðum tekjum sem standa undir rekstri og uppbyggingu hafna. Þær skapa einnig störf og viðskipti hjá ferðaþjónustu, verslun og þjónustu í heimabyggð. Smærri skip í hringsiglingum koma á staði sem stærri skip heimsækja ekki og hafa skapað ný tækifæri fyrir ferðaþjónustuaðila á þeim stöðum. Þau dreifa þannig ávinningi ferðaþjónustunnar um landið til nýrra staða sem eru jafnframt viðkvæmastir fyrir fækkum skipa vegna aukinnar gjaldtöku.

Fjórðungsþing leggur sérstaka áherslu á stöðugleika og fyrirsjáanleika í gjaldtöku. Skipafélög skipuleggja siglingar nokkur ár fram í tímann og breytingar með skömmum fyrirvara valda tjóni sem erfitt er að bæta. Skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á Alþingi, fjármálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra að endurskoða regluverk varðandi hringsiglinga- og leiðangursskip til að einfalda regluverk og tryggja fyrirsjáanleika í þessari mikilvægu atvinnugrein.

Flutningsmaður: Gylfi Ólafsson fyrir hönd stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga